

210.fundur - 12.júní 2003

Endurrit fundargerðar 210. fundar hreppsnefndar Reykhólahrepps haldinn 12. júní 2003.

Fundurinn hófst kl. 15:00 og var haldinn í fundarsal hreppsnefndar að Maríutröð 5a (Álfheimum), Reykhólum.

Mættir allir aðalmenn auk sveitarstjóra nema Egill Sigurgeirsson og Bjarki Stefán Jónsson. Mættir eru tveir varamenn; Björk Bárðardóttir og Rebekka Eiríksdóttir.

Til fundarins var boðað með eftirtalinni dagskrá:

1. Fundargerð Skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar Reykhólahrepps frá 22. maí 2003
  2. Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 23. maí 2003
  3. Fundargerð Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 27. maí 2003
  4. Fundargerð stjórnar Barmahlíðar frá 4. júní 2003
  5. Húsnæðismál safnahúss á Reykhólum
  6. Bréf frá Safnaráði, synjun á styrk (tilkynning)
  7. Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um hugsanlega yfirtöku sveitarfélaga á Vestfjörðum á málefnum fatlaðra
  8. Bréf frá yfirdýralækni, leyfi til flutnings á túnþökum úr landi og út í Flatey (tilkynning)
  9. Bréf frá Atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um sameiginlegt ríkisframlag til minjasafnsins á Hnjóti og hlunnindasýningar á Reykhólum (tilkynning)
  10. Skýrsla sveitarstjóra um Flateyjarför 15. maí 2003
  11. Bréf frá Þorsteini Jónssyni í Garðabæ um uppbyggingu á Tröllenda í Flatey
  12. Bréf frá styrktarsjóði EBÍ (tilkynning)
  13. Skýrsla sveitarstjóra um för til Ísafjarðar og Bolungarvíkur 16-18. maí 2003
  14. Bréf frá Umhverfisstofnun um viðmiðunartaxta ríkisins vegna refa- og minkaveiða uppgjörstímabilið september 2002 til ágúst 2003
  15. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi kostnaðarþátttöku Jöfnunarsjóðs í framkvæmdum við íþróttahús á Reykhólum
  16. Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi þátttöku Jöfnunarsjóðs vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda
  17. Bréf frá Byggðastofnun varðandi Hitaveitu Geiradals (tilkynning)
  18. Þjónustusamningur og kaupsamningur við "Heimamenn" frá 23/12 1996 (þjónustusamningur útrunninn)
  19. Tillaga frá sveitarstjóra um að fundir hreppsnefndar falli niður í júlí og að hreppsskrifstofa verði lokað 14-25. júlí. (tvær vikur) vegna sumarleyfa
  20. Önnur mál
- STEFNT VAR AÐ ÞVÍ AÐ LEGGJA FRAM ÁRSREIKNING HREPPSINS FYRIR ÁRIÐ 2002 TIL FYRRI UMRÆÐU Á FUNDINUM.

Oddviti lagði til að 2. liður dagskrár yrði ræddur á undan 1. lið. Samþykkt.

Önnur mál:

Frá sveitarstjóra:

- a) Fundargerð Mennta- og menningarmálanefndar frá 5. júní 2003 (lagt til að rætt verði undir 1. lið, samþykkt).
- b) Launagreiðslur til Jónu Valgerðar Kristjánsdóttur fyrrverandi sveitarstjóra fyrir vinnuframlag (aðstoð við ýmis mál) og akstur fyrir hluta árs 2003
- c) Munnlegt erindi frá Steinari Árnasyni og Guðmundi Erlingssyni á Tálknafirði. Þeir óska eftir samningi við Reykhólahrepp um grenjaleit í Múlahreppi hinum forna.

1) Fundargerðir Mennta- og menningarmálanefndar. Fyrri fundargerð samþykkt. Síðari fundargerð: Lögð fram tvö bréf; annað frá Karli Kristjánssyni þar sem hreppsnefnd er hvött til að ráða Áslaugu sem skólastjóra. Hitt frá Áslaugu Guttormsdóttur þar sem hún segist styðja þá ákvörðun skólanefndar að auglýsa stöðu skólastjóra en segir að umsókn sín standi áfram. Oddviti lagði til að Áslaug Guttormsdóttir yrði ráðin án frekari auglýsinga. Samþykkt samhljóða og Áslaug boðin velkomin til starfa.

Björk Bárðardóttir vék af fundi kl. 16:00 og Egill Sigurgeirsson tók hennar sæti á fundinum.

Björk Bárðardóttir (sign)

2) Fundargerð Skipulags-, bygginga- og hafnarnefndar 22. maí 2003

- a) Samþykkt
- b) Samþykkt
- c) Deiliskipulag við Bjarkalund samþykkt
- d) Samþykkt
- e) Samþykkt
- f) Tekið fyrir undir 14. lið
- g) Samþykkt að auglýsa eftir áhugasömum tilboðsgjöfum í kaldavatnslögn út í Karlsey. Bundið við Dalasýslu og Austur-Barðastrandarsýslu.
- h) Samþykkt
- i) Samþykkt

3) Fundargerð Félagsmála- og jafnréttisnefndar frá 27. maí 2003

- a) Samþykkt
- b) Samþykkt
- c) Samþykkt
- d) Samþykkt

4) Fundargerð stjórnar Barmahlíðar 4. júní 2003

- a) Samþykkt
- b) Samþykkt
- c) Samþykkt
- d) Samþykkt
- e) Samþykkt
- f) Samþykkt. Hreppsnefnd þakkar framlag Lions til lýsingar á Barmahlíð.
- g) Samþykkt
- h) Samþykkt
- i) Samþykkt

5) Húsnæðismál safnahúss á Reykhólum. Samþykkt að kaupa skemmu að Suðurbraut 1 af núverandi eigendum og hafa síðan makaskipti við Guðlaug Theodórsson þannig að hreppurinn eignist eignarhluta hans í Mjólkurbúshúsinu.

6) Bréf frá Safnaráði, synjun á styrk (tilkynning)

7) Bréf frá Fjórðungssambandi Vestfirðinga um hugsanlega yfirtöku sveitarfélaga á Vestfjörðum á málefnum fatlaðra. Hreppsnefnd Reykhólahrepps treystir sér ekki til að taka afstöðu í þessu máli að svo stöddu, meðan ekki liggur fyrir nánari útfærsla á þessum hugmyndum.

8) Bréf frá yfirdýralækni, leyfi til flutnings á túnþökum úr landi og út í Flatey (tilkynning). Samþykkt.

9) Bréf frá atvinnuþróunarfélagi Vestfjarða um sameiginlegt ríkisframlag til minjasafnsins á Hnjóti og hlunnindasýningar á Reykhólum (tilkynning). Sveitarstjóra falið að afla sem mests hluta þessarar fjárveitingar.

10-11) Flateyjarfyrir sveitarstjóra (15. maí 2003). Rætt með lið nr. 11, bréf frá Þorsteini Jónssyni í Garðabæ um uppbyggingu á Tröllenda í Flatey.

Hreppsnefnd vísar í bréf hreppsins frá 22. október 2001, þar sem fram kemur að ekki liggur fyrir skipting á milli ríkissjóðs og Reykhólahrepps á þeim hluta Flateyjar sem deiliskipulagið tekur til. Á þeim tíma sem liðinn er hafa þessi mál ekki skýrzt. Hreppsnefnd telur sér því ekki fært að úthluta deiliskipulaginu að svo stöddu.

12) Bréf frá styrktarsjóði EBÍ (tilkynning). Sveitarstjóra falið að sækja um styrk til brunavarna í Reykhólaskóla.

13) Skýrsla sveitarstjóra um för til Ísafjarðar og Bolungarvíkur 16-18. maí 2003

14) Bréf frá Umhverfisstofnun um viðmiðunartaxta ríkisins vegna refa- og minkaveiða uppgjörstímabilið september 2003 til ágúst 2003. Hreppsnefnd lýsir yfir mikilli óánægju með lækkun endurgreiðsluhlutfalls ríkisins úr 50% niður í 30% og felur sveitarstjóra að senda stjórnvöldum harðorð mótmæli.

- 15) Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi þátttöku Jöfnunarsjóðs í framkvæmdum við íþróttahús á Reykhólum.
- 16) Bréf frá Félagsmálaráðuneytinu varðandi þátttöku Jöfnunarsjóðs vegna fyrirhugaðra vatnsveituframkvæmda.
- 17) Bréf frá Byggðastofnun varðandi Hitaveitu Geiradals (tilkynning)
- 18) Þjónustusamningur og kaupsamningur við "Heimamenn" frá 23/12 '96 (þjónustusamningur útrunninn). Ganga þarf frá afsali og eignaskiptayfirlýsingu og tryggja rekstur slökkviliðs.
- 19) Tillaga frá sveitarstjóra um að fundir hreppsnefndar falli niður í júlí og að hreppsskrifstofa verði lokuð 14-25. júlí (tvær vikur) vegna sumarleyfa 2003. Samþykkt. Enn fremur að halda aukafund í hreppsnefnd 23. júní kl. 10:00. Þá fari fram síðari umræða um ársreikninga hreppsins 2002. Enn fremur kjör oddvita, varaoddvita og skoðunarmanna reikninga.
- 20) Launagreiðslur til Jónu Valgerðar fyrrv. sveitarstjóra fyrir vinnuframlag (aðstoð við ýmis mál) og akstur fyrri hluta árs 2003.
- 21) Erindi frá tveimur Tálknfirðingum, Steinari Árnasyni og Guðmundi Erlingssyni, sem óska eftir að fá að gera samning við Reykhólahrepp um grenjaleit á svæðinu frá Klettshálsi að Skiptá. Erindinu synjað.
- 22) Ársreikningur Reykhólahrepps fyrir 2002 lagður fram til fyrri umræðu.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 21:20

Málfríður Vilbergsdóttir  
Rebekka Eiríks  
Einar Örn Thorlacius (ritar)  
Gústaf Jökull Ólafsson  
Egill Sigurgeirsson  
Þórður Jónsson